

Leiðbeiningar til seljenda við skil á veltutölum í vefgátt Ríkiskaupa

Frá 1. janúar 2016 verður tekið upp nýtt fyrirkomulag við ársfjórðungsleg skil seljenda á veltuupplýsingum.

Gerð verður krafa um rafræn skil á veltuupplýsingum vegna rammasamninga. Skilin fara framvegis fram í gegnum vefgátt hjá Ríkiskaupum. Fyrirtæki (rammasamningsaðilar) munu þurfa að skrá sig inn í gáttina í gegnum innskráningarpjónustu Ísland.is, með íslykli eða rafrænum skilríkjum.

Hvað þarf til?

Hér er gengið út frá því að fyrirtæki séu þegar með íslykil eða rafræn skilríki. Ef svo er ekki þá er hér sótt um íslykil á vef Ísland.is: <https://innskraning.island.is/?panta=1>

Leiðbeiningar fyrir notendur ef veita þarf umboð:

<https://www.island.is/innskraningarthjonusta/umbod/>

Leiðbeiningar vegna rafrænna skilríkja eru hér: <https://www.island.is/rafraen-skilriki>

Ef veita þarf umboð


Flest stærri fyrirtæki þurfa væntanlega að veita þeim starfsmanni eða starfsmönnum sem hafa þá skyldu að skila inn RS veltutölum til Ríkiskaupa sitt umboð. Hér er annars vegar átt við að lögaðila (fyrirtæki) sem þurfa að veita einstaklingi (starfsmanni) umboð til að sýsla með þessar upplýsingar fyrir sína hönd og hins vegar t.d. ef um er að ræða einyrkja (rekstur á persónulegri kennitölu) sem vilja veita endurskoðanda- eða bókhaldspjónustu sitt umboð til að skila inn veltutölum til Ríkiskaupa.

Sérstakar leiðbeiningar vegna umboðs er að finna á vef Ísland.is hér:

<https://www.island.is/innskraningarthjonusta/umbod/>

Skil á RS veltuupplýsingum í gegnum vefgátt Ríkiskaupa

Farið er inn í vefgáttina af vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is. Smellið á flipann „vefgátt“ sem færir ykkur inn á forsíðu gáttarinnar. Þar finnið þið ýmsar upplýsingar ásamt leiðbeiningum um innskráningu og skil í gegnum gáttina.



Innskráning með íslykli eða rafrænum skilríkjum

Innskráning í gáttina fer eingöngu fram með íslykli eða rafrænum skilríkjum. Smellið á innskráningarhnapp til að hefja ferlið.



Skil á veltutölum

Þegar inn í gáttina er komið kemur upp þessi sýn:

Reitur 1 sýnir hver er innskráður og reitur 2 (Vinstra hliðarval)sýnir samningsupplýsingar viðkomandi viðskiptavinar.

The screenshot shows the Ríkiskaup website interface. At the top, there is a logo and the text 'RÍKISKAUP' with a phone number '660169-4749'. Below this is a search bar and a 'Skrá út' button. The main content area is divided into two columns. The left column contains a sidebar with menu items: 'Samningsupplýsingar', 'Rammasamningur', 'Samnings nr', 'Ársfjórðungur', 'Staða skilgreinar', 'Heildarviðskipti', and 'Umsýsluþóknun'. The right column contains a form titled 'Veltuupplýsingar' with the instruction 'Vinsamlegast skráið veltuupplýsingar án virðisauka.' The form has three input fields: 'Kennitala stofnunar', 'Nafn stofnunar', and 'Heildarviðskipti stofnunar án vsk'. Below these are three buttons: 'Kennitala', 'Heildarviðskipti án vsk', and 'Skrá færslu'. There is also a 'Les inn skrá' button and a 'Skila inn veltuupplýsingum' button. A checkbox labeled 'Núll skil' is also present, with a note 'Skilaðar færslur í listanum að ofan verða ekki notaðar'. A confirmation message 'Staðfestið að allar upplýsingar séu réttar' is displayed above the 'Skila inn veltuupplýsingum' button. The background of the page features a landscape image of a white house on a hillside.

Reitur 3 - Veljið réttan rammasamning (felligluggi birtist ef um marga samninga er að ræða)

Reitur 4 - Samningsnúmer birtist þegar rammasamningur hefur verið valinn.

Reitur 5 - Veljið ársfjórðung. – Athugið að alltaf þarf að skila ársfjórðungum í réttri röð, þ.e.a.s. ekki er hægt að skila inn fyrir fjórða ársfjórðung ef ekki er búið að skila inn fyrir þann þriðja.

Reitur 6 – sýnir stöðu á viðkomandi skilgrein: Stöðurnar eru:


- Ný = Ekki búið að skrá skilgrein í kerfið.
- Skráð = Skráð, óafgreidd, skilgrein.
- Afgreidd = Skilgrein hefur verið afgreidd og bókfærð (í Orrann). Eða er að verða það.

Reitur 7 - sýnir samtölu / heildarviðskipti viðkomandi skilgreinar

Reitur 8 - sýnir umsýsluþóknun vegna viðkomandi skilgreinar

Nokkrar leiðir eru færar við skil á veltutölum:


1. Ef um fáar færslur er að ræða er nóg að slá inn kennitölu stofnunar/sveitafélags og veltu í þar tilgerða reiti (sjá nr. 9 á skýringamynd). Síðan þarf að smella á „skrá færslu“ (sjá nr. 10 á skýringamynd) og er þetta skref endurtekið fyrir hverja færslu. Athugið að yfirfara að allar færslur séu réttar áður en smellt er á bláa hnappinn „ skila inn veltuupplýsingum“ . (Sjá nr. 12 á skýringamynd).



2. innkeyrsla veltutalna með CSV skrá. (Sjá nr. 11 á skýringamynd).


Þegar um er að ræða margar færslur er nauðsynlegt að nota svokallaða CSV skrá til að lesa inn upplýsingarnar. Sjá dæmi/sniðmat af CSV skrá á forsíðu gáttarinnar og inn í gáttinni sjálfri.

Mikilvægt er að forsníðnu dálkarnir þrír haldi sér þegar upplýsingar eru slegnar eða afritaðar inn í skjalið. Þegar því er lokið er skjalið vistað og því hlaðið inn í gáttina.



Athugið þegar csv skráin er vistuð biður excel um staðfestingu um að þú viljir vista skjalið á csv formi, veljið „yes“.

Þegar skráin er tilbúin er henni hlaðið inn í gáttina með því að smella á „browse“ takkann. Þegar búið er að finna skjalið þá skal smella á hnappinn „lesa úr skrá“ til að veltuupplýsingarnar lesist inn í gáttina, hægt er að yfirfara að upplýsingar séu réttar áður en smelt er á blá hnappinn „skila inn veltuupplýsingum“. (Sjá nr. 11 á skýringamynd).




Þegar búið er að ýta á hnappinn birtist efst á skjánum staðfesting „viðskipti skráð á skilgrein nr. Xx“

2. „Núll skil“

Ef engin velta hefur verið í viðkomandi samningi á viðkomandi ársfjórðungi þarf að gera grein fyrir því með því að haka í reitinn „skila inn núll viðskiptum“.

Sjá nr. 13 á skýringamynd). Hér þarf einnig að smella á bláa hnappinn „skila inn veltuupplýsingum“ til þess að núll-færslan fari inn í gáttina.




Ef það er ekki gert jafngildir það því að engin skil hafi verið framkvæmd fyrir þann ársfjórðung.

Leiðrétting eða viðbætur á innsendum upplýsingum

Ef í ljós kemur að mistök hafa verið gerð við innslátt eða innkeyrslu á veltutölum er hægt að ógilda skilgreinina, og setja inn nýja.

Ef staða skilagreinar er „skráð“ (Sjá skýringar við nr 6. á skýringamynd) skal ýta á hnappinn „ógilda skilgrein“ og kemur upp gluggi þar sem þú ert beðinn um að staðfestingu. Þegar þetta er búið er hægt að lesa inn csv skjal á sama máta og áður.



Hvað ef...

Ég get ekki valið núverandi ársfjórðung? – Sjá nr. 5 á skýringamynd.

a. getur verið að búið sé að skila veltutölum fyrir þann ársfjórðung nú þegar?

b. athugið að skila verður fyrir alla ársfjórðunga í réttri röð, þ.e. klárið öll eldri skil sem er ólokið fyrst.

Ég get ekki keyrt inn veltutöluskjalið?

a. ertu með skjalið á csv formi? Sjá leiðbeiningar í gáttinni.

b. athugið að óheimilt er að bæta við dálkum, þá verður csv skjalið ólæsilegt

f. kerfið.

c. er rétt útfyllt í kennitölureitinn? Vantar staf, eða eru fleiri upplýsingar inn í þessum dálki?

d. eru bókstafir í upphæðadálkinum?

Hvað ef enginn eða rangur rammamningur birtist í gáttinni?

a. Sendu ábendingu á Ríkiskaup með því að senda tölvupóst á rammarekstur@rikiskaup.is

Ég sé villu í innsendum upplýsingum?

a. Sjá leiðbeiningar um ógildingu innsendra skilagreina.

